

## Stefna Stykkishólmsbæjar í málefnum aldraðra

Nefndin telur rétt að bæjaryfirvöld setji fram almenna stefnu um málefni aldraðra.

Eftirfarandi texta ber að líta á sem drög að stefnu Stykkishólmsbæjar í málefnum aldraðra.

*Í samræmi við lög um málefni aldraðra leggur Stykkishólmsbær áherslu á að aldraðir geti lifað eðlilegu heimilislífi við fullt sjálfræði á eigin vegum, svo lengi sem hægt er, en að þeir eigi jafnframt vöð á nauðsynlegri stofnanapjónustu í heimabyggð eftir því sem við verður komið.*

*Stykkishólmsbær vill gera öldruðum íbúum sínum auðvelt að leita til félagsþjónustu eftir upplýsingum og þjónustu þannig að hægt sé að bregðast skjótt við þegar þess er þörf. Öll þjónusta við eldri borgara skal í þessu skyni kynnt sérstaklega.*

- Stefnt skal að því að allir íbúar fái bréf frá bæjarfélaginu á því ári sem þeir verða 67 ára. Þar séu upplýsingar um þjónustu bæjarfélagsins og um þau réttindi sem fylgja starfslokum.

*Stefna ber að því að efla heimaþjónustuna og gera hana markvissa og skilvirka. Þjónustan þarf jafnframt að vera fáanleg með stuttum fyrirvara, einkum í neyðartilvikum.*

- Félagsleg heimaþjónusta skal að jafnaði veitt á dagvinnutíma, þó skal leitast við að veita nauðsynlega þjónustu á öðrum tímum í neyðartilvikum
- Starfsfólk heimaþjónustu og heimahjúkrunar myndi samstilltan starfshóp sem hefur góða yfirsýn yfir þjónustuþarfir aldraðra í Stykkishólmi.

*Tryggja skal eftir föngum að aldraðir einangrist ekki félagslega og þurfa þeir að eiga kost á fjölbreyttu félagsog tómsundastarfi. Stefnt verði að aukinni þátttöku aldraðra í tómsundastarfinu og skipulagi þess.*

- Félags- og tómsundastarfið sé fjölbreytilegt og geti höfðað til sem flestra.
- Þjónusta skal upp á góða aðstöðu til félags- og tómsundastarfa aldraðra.
- Efla fræðslu- og íþróttastarf auk líkamsræktar fyrir aldraða.

*Tryggja þarf að öldruðum standi til boða fjölbreytt húsnæðisúrræði.*

*Stefna ber að því að boðið verði upp á dagvistarþjónustu fyrir aldraða og fengið verði leyfi til reksturs dagvistar ef þörfin er brýn.*

*Tryggja þarf að eftirfarandi þjónusta standi eldri borgurum í Stykkishólmi til boða:*

- aðstoð við garðvinnu og snjómokstur eftir því sem aðstæður leyfa.
- heimsending matar og þjónusta vegna þvotta
- afsláttur af fasteignagjöldum

*Stykkishólmsbær telur mikilvægt að stuðla að aukinni þátttöku og frumkvæði aldraðra í ákvörðunum og breytingum sem snerta hag þeirra sjálfra. Aldraðir eiga að hafa eins mikil áhrif á eigið líf og mögulegt er, einnig þegar þeir þurfa á hjálp að halda frá bæjarfélaginu.*

- Stutt skal við starfsemi Aftanskins, félag eldri borgara í Stykkishólmi og nágrenni. Stefnt skal að því að þáttur félagsins í félags- og tómstundastarfinu aukist.
- Leitast verði við að hafa sem best samstarf við kirkjuna og önnur félagasamtök sem með ýmsum hætti koma að þjónustu við aldraða í bæjarfélaginu.

*Þjónusta öldrunarstofnana skal miðast við að varðveita og auka lífsgæði og sjálfsbjargargetu íbúanna og að sjálfstæði þeirra sé virt. Áhersla skal lögð á að veita heimilisfólki sem besta þjónustu sem byggir á góðu faglegu starfi í náinni samvinnu við heimilisfólk og aðstandendur þeirra.*

- Áhersla verði á að mæta einstaklingsbundnum þörfum íbúanna.
- Áhersla verði lögð á að rjúfa einangrun aldraðra á stofunum með því að gefa kost á samveru íbúa, starfsfólks og aðstandenda og með því að gefa heimilisfólki tækifæri til að taka þátt í almennu félagsstarfi aldraðra og njóta menningarviðburða í bæjarfélaginu eftir því sem kostur er.

Stefnu þessa um málefni aldraðra skal endurskoða á fyrsta ári hvers kjörtímabils.